

ÁRSSKÝRSLA

DUUSHÚS, LISTA- OG MENNINGARMÍÐSTÖÐ REYKJANESBÆJAR

2007



REYKJANESBÆR

DUUSHÚS

Duushús eru menningar- og listamiðstöð Reykjaneshæjar. Þar eru sýningarsalir safnanna ásamt tónleika- og fundarsal. Listasalur: Breytilegar sýningar á vegum Listasafnsins, Gryfjan: Poppminjasýning á vegum Byggðasafnsins, Bátasalur: Bátafloki Gríms Karlssonar, Bíósalur: blönduð menningarstarfsemi og fundir.

STARFSFÓLK OG OPNUNARTÍMI

Umsjónarmaður Duushúsa er eina fasta stöðugildið í Duushúsum en starfsmenn Listasafns og Byggðasafns aðstoða þegar þörf var á, bæði á daginn og á kvöldin og um helgar bættist við lausafólk. Umsjónarmaður Duushúsa er Guðmundur Ingi Hildisson og er hann í 100 % stöðu og alltaf staðsettur í Duushúsum. Björn Ragnarsson starfsmaður Byggðasafns og Guðlaug María Lewis starfsmaður Listasafns eru hluta af sínum vinnutíma í Duushúsum. Smári Ketilsson og Pálmi Ketilsson taka helgarvaktir og kötturinn Dúsi stendur sína vakt allan sólarhringinn, alla daga. Sýningar í Duushúsum voru opnar alla daga frá kl. 11.00-17.00 en þess fyrir utan var opið þegar þurfa þótti, bæði fyrr á morgnana og fram á kvöld.

VIÐBURÐIR OG GESTAFJÖLDI 2008

Mikil og fjölbreytt starfsemi fór fram í Duushúsum þetta árið sem endranær og hefur gestafjöldi aukist jafnt og þétt með hverju starfsári sem bætist við.

Opnanir **Listasafns Reykjaneshæjar** á árinu voru 5 talsins. Þann 19. janúar opnaði sýning Daða Guðbjörnssonar; 13. mars, sýning Sigríðar Melrósar Ólafsdóttur og Karls Jóhanns Jónssonar; 18. maí, þríviður sýning Listahátíðar í Reykjavík þar sem Guðjón Ketilsson, Hannes Lárusson og Helgi Hjaltalín Eyjólfsson sýndu. Þess má geta að þessi sýning var valin þriðja besta eða áhugaverðasta sýning ársins af gagnrýnendum Morgunblaðsins. 5. september opnaði sýning Ilmar Stefánsdóttur og 23. október, sýning Arngunnar Ýrar. Samtals sóttu um 1.000 gestir þessar opnanir. Auk þessa hélt Eiríkur Árni Sigtryggsson myndlistarsýningu í Bíósal í tengslum við Ljósanótt og í desember voru sýnd verk úr eigu Listasafnsins.

Starfsemi **Tónlistarskóla Reykjaneshæjar** í Duushúsum er viðamikil. 38 dagar fóru undir tónleika, tónfundi eða próf og oft var þá um að ræða nokkra tónleika sama dag með gestafjölda frá 40 og upp í 200 á hverjum tónleikum. Þessa viðburði sóttu um 3.200 gestir. Tónleikar voru einnig haldnir á vegum Tónlistarfélags Reykjaneshæjar og annarra aðila. Helsta má nefna Vínartónleika, Ó, Ó Ingbjörgu, Víkingana, Trío Björns Thoroddsen og KK. Gestir þeirra voru um 630.

Formlegir fundir haldnir í húsunum voru 41 talsins flestir á vegum hinna ýmsu framkvæmdasviða bæjarins. Þar af voru 10 fundir haldnir á vegum fjölskyldu- og

félagsþjónustusviðs, 7 á vegum upplýsingasviðs, 6 á vegum fræðslusviðs, 5 á vegum bæjarstjóra, 2 á vegum íþrótt- og tólmstundasviðs og 1 á vegum umhverfis- og skipulagssviðs. 4 ráðstefnur voru haldnar; 2 á vegum byggðasafns; Miðstöð munnlegrar sögu og Gamli bærinn, 1 á vegum USK og 1 á vegum FFR. Þátttakendur á þessum fundum og ráðstefnum voru 2.300 talsins. Jafnframt eru bæjarstjórnarfundir haldnir tvisvar í mánuði allan ársins hring.

Móttökur á vegum bæjarins voru í kringum 20 en samtals sóttu þær um 2.200 manns. Þar af var móttaka á vegum Norðuráls mjög stór og umfangsmikil í framkvæmd en hana sóttu um 500 manns. Flestar voru móttökurnar á vegum bæjarstjóra eða 8 talsins, 5 á vegum FRÆ og 2 á vegum FFR.

Sérstakir menningartengdir viðburðir aðrir voru í kringum 30 talsins og af margvíslegum toga. Á vegum Menningarsviðs má nefna Flug- og hersýningu og Erlingskvöld í mars og sýningu tengda Flug- og sögusetri í apríl. Listahátíð barna var haldin í maí, sjómannadagsviðtöl voru tekin og fest á myndband í júní. Menningarverðlaunin voru afhent í nóvember og barnahátíð haldin í húsunum. Í desember var boðið upp á hið árlega Bókakonfekt, öllum elstu börnum leikskólans og yngstu börnum grunnskólans var boðið á jólaleikritið Óskina og að lokum voru bæjarbúum veittar viðurkenningar fyrir bestu ljósaskreytingar. Menningarsviðið aðstoðaði að auki pólska menningarfélagið við að halda bíósýningar og leiksýningu. Meðal annarra sérstakra viðburða má nefna Stóru upplestrarkeppnina sem haldin var á vegum FRÆ, afhendingu umhverfisverðlauna á vegum USK, úthlutun menningarstyrkja SSS í Bíósal og svona mætti áfram telja. Þá var að lokum stórviðburður í húsunum þegar útför Rúnars Júlíussonar, listamanns Reykjanesbæjar, var sjónvarpað um húsin og erfidrykkja haldin á eftir þar sem áætlað er að um 800 manns hafi verið viðstaddir. Samtals sóttu um 4.000 manns þessa sérstöku menningartengdu viðburði.

Áhersla var lögð á að kynna **starfsemi safnanna** fyrir leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum bæjarins. Bréf voru send til skólanna um þá dagskrá sem í gangi var hverju sinni og skólarnir hvattir til að koma í heimsókn og fá formlega leiðsögn um sýningarnar. Listahátíð barna með þátttöku flestra leikskóla bæjarins var haldin í maí. 1.450 leikskólanemar heimsóttu söfnin, grunnskólanema voru um 1.700 og framhaldsskólanemar um 300. Samtals sóttu þannig um 3.500 nemendur söfnin heim.

Tekið var á móti fjöldanum öllum af innlendum hópum sem komu til að skoða sýningarnar sem í húsinu eru. Slíkir hópar eru mest áberandi á vorin og haustin. Samanlagður gestafjöldi þeirra var 2.300. Einnig komu í heimsókn hópar eldri borgara frá hinum ýmsu stofnunum og félagsmiðstöðvum víðsvegar að alls um 700 manns. Þar af voru um 200 þeirra á svokölluðum ljósarúnti.

Að auki voru **almennir gestir** á árinu, þ.e. þeir sem ekki komu í skipulögðum heimsóknum eða á sérstaka viðburði, um 27.000 talsins að meðtöldum gestum Ljósanætur sem áætla má að hafi verið um 19.000. Átta hálf tíma tónleikar voru haldnir í Bíósal og Poppminjasafni allan laugardag Ljósanætur auk þess sem múgur og margmenni skoðaði sýningu Ilmar Stefánsdóttur í Listasafni.

Erlendir ferðamenn voru einnig mikið á ferðinni og hefur þeim fjölgað talsvert á milli ára en heildarfjöldi almennra ferðamanna þetta árið var 1.217. Erlendir gestir sem komu í hópum voru 725. Samtals um 2.000 gestir. Þá er hugsanlegt að skráning á þeim hafi ekki verið nægilega nákvæm og að þeir séu heldur fleiri en þessar tölur segja til um.

Heildargestafjöldi ársins var 43.900 gestir en það er 21% aukning frá árinu 2007 þegar gestir voru um 37.000.

Guðmundur Ingi Hildisson umsjónarmaður Duushúsa
Guðlaug María Lewis fræðslufulltrúi Duushúsa